



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 16. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um reglubundna og viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa.

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi til laga um reglubundna og viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 1. október síðastliðinn.

Að mati samtakanna er afar jákvætt að setja heildarlöggjöf um þessa skyldu útgefanda verðbréfa en telja nauðsynlegt að taka undir með Nasdaq á Íslandi sem einnig hefur skilað umsögn um drögin í samráðsgáttina. Best væri ef lokaafurð myndi taka á allri reglubundinni og viðvarandi upplýsingagjöf útgefanda að mati samtakanna. Flöggunarskylda vegna breytinga á atkvæðisrétti og/eða eignarhaldi hvílir ekki á útgefanda. Þegar breyting á atkvæðisrétti og/eða eignarhaldi hefur verið send til viðeigandi aðila m.a. til útgefanda ber útgefanda hins vegar að birta hana með löglegum hætti innan tiltekins frests sbr. 87. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þar að auki skal útgefandi birta breytingu á hlutafé eða atkvæðisrétti ef hann hækkar eða lækkar hlutafé sitt eða fjölgar eða fækkar atkvæðum en það skal gert á síðasta viðskiptadegi þess mánaðar er breytingarnar eiga sér stað, birta skal opinberlega heildarfjölda hluta og heildarfjölda atkvæða. Eðlilegt er að þær skyldur sem hvíla á útgefanda og útgefanda eingöngu sé safnað saman í bálk sem þennan.

Samtökin vilja einnig taka undir umsögn Ólafs Arinbjarnar Sigurðssonar lögmanns en þar sem eitt af markmiðum gagnsæistilskipunarinnar er að samræma reglur um birtingu upplýsinga til markaðarins þá er eðlilegt að frestir til að tilkynna séu þeir sömu og á öðrum verðbréfamörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu. Samtökin taka einnig undir ábendingar Ólafs þegar kemur að nýjum skilgreiningum og skorti á skilgreiningum en hann nefnir sérstaklega hugtakið útgefandi en skv. drögunum geta einstaklingar einnig fallið undir það að vera útgefandi með öllum þeim skyldum sem því fylgir. Þá er hugtakið fjárhaldssjóður ekki skilgreint og því óljóst við hvað er átt.

Þessu til viðbótar vilja samtökin benda á fleiri praktísk atriði eins og að drögin halda inni hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður en drög að frumvarpi um markaði fyrir fjármálagerninga gera ráð fyrir að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður verði skipulegur markaður. Samkvæmt þingmálaskrá skal frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga lagt fram í nóvember 2020. Það væri væntanlega ekki praktískt að þessi hugtakanotkun sé mismunandi milli bálka. Þá innihalda drögin hugtakið „eftirlitsstjórn“ sem er ekki til á Íslandi þar sem er „one tier board system“.

Nú sem áður er einnig bent á að gæta að því að tilskipanir ESB séu ekki innleiddar með meira íþyngjandi hætti á Íslandi en gengur og gerist á EES svæðinu. Tilskipun 2004/109 EB heimilar aðildarríkjum að setja strangari reglur um upplýsingagjöf en kveðið er á um í texta hennar en 8. gr. frumvarpsdraganna veita Fjármálaeftirlitinu sem nú heyrir undir Seðlabanka Íslands heimild til að ákveða aukna tíðni upplýsingagjafar útgefanda en skv. 6. og 7. gr. frumvarpsins sem þó má ekki fela í sér óhæfilega fjárhagslega byrði. Ráðherra er svo falið að setja reglugerð um nánari



Samtök
fjármálafyrirtækja



framkvæmd greinarinnar. Hér er um töluverða breytingu að ræða sem þarfnast frekari útskýringar. Hingað til hefur Nasdaq á Íslandi verið með svokallaðar útgefendareglur sem skráð félög semja um að hlíta. Þar má finna ítarlegar reglur um upplýsingagjöf útgefanda sem eru að mörgu leyti ítarlegri heldur en þær reglur sem löggjöfin inniheldur. Greinargerð mætti skýra hvers lags upplýsingar átt er við með 8. greininni og hvort reglugerð ráðherra muni þá koma í staðinn fyrir útgefendareglur Nasdaq á Íslandi.

Drögin innhalda ekki upplýsingar um fyrirhugaða gildistöku en eins og Samtök fjármálafyrirtækja bentu á þegar áform um löggjöf þessa birtust í samráðsgátt síðastliðinn febrúar er afar mikilvægt að aðlögunartími sé rúmur.

Virðingarfyllt,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir